# Fundargerð 8. fundar stjórnar SSA 29. janúar 2019

Fundurinn hófst kl. 11:00 í húsnæði Austurbrúar á Reyðarfirði.
Boðið var upp á léttan hádegisverð. Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Stefán Grímur Rafnsson varamaður Sigríðar Bragadóttur og Stefán Bogi Sveinsson. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, skrifaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

## 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1.1. Fundargerð frá 7. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
1.2. Fundargerðir frá 6. fundi framkvæmdaráðs SSA lögð fram til kynningar.
1.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 740), SASS (541 og 542), Eyþings (316) og SSNV (40) lagðar fram til kynningar.

## 2. Innra starf SSA

2.1. Sóknaráætlun.
2.1.1. Áhersluverkefni.
2.1.2. Staðfesting frá Skipulagsstofnun lögð fram.
2.1.3. Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða
2.2. SvAust
2.2.1. Fundargerð SvAust frá 16. janúar 2019 lögð fram til kynningar.
2.3. Aðalfundur SSA 2018 og haustþing SSA 2019.
2.4. Starfshópar á vegum SSA.
2.5. Samstarf SSA og Austurbrúar.

## 3. Önnur mál.

3.1. Fundur Eyþings um úrgangsmál.
3.2. Fulltrúi SSA í skólanefnd Hússtjórnarskólans á Hallormsstað.
3.3 Formaður segir frá málþingi í Hveragerði sem haldið var 22.-23. janúar.
3.4 Styrkbeiðni doktorsnema.

## 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1.1. Fundargerð frá 7. fundi stjórnar SSA 2018-2019 var lögð fram til staðfestingar.
1.2. Fundargerðir frá 6. fundi framkvæmdaráðs SSA var lögð fram til kynningar.
1.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 740), SASS (541 og 542), Eyþings (316) og SSNV (40) voru lagðar fram til kynningar.

## 2. Innra starf SSA

2.1. Sóknaráætlun.
2.1.1 Áhersluverkefni. Farið var yfir drög að áhersluverkefnum og framlögum til þeirra. Málið verður rætt áfram á næsta fundi og tekið til afgreiðslu þá.

2.1.2. Staðfesting frá Skipulagsstofnun dagsett 20. desember 2018 um að framlag frá Skipulagssjóði verði greitt þrátt fyrir seinkun vinnunnar lögð fram til kynningar.

2.1.3. Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Rætt var um umsóknir um styrki til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða en umsóknarfrestur rennur út 14. mars. Ákveðið að óska eftir því við Austurbrú að vinna að umsóknum í samræmi við umræður á fundinum.

2.2. SvAust

2.2.1. Fundargerð SvAust frá 16. janúar 2019 lögð fram til kynningar. Formaður sagði frá stöðu verkefna.

2.3. Aðalfundur SSA 2018 og haustþing SSA 2019. Umræðu frestað til næsta fundar.

2.4. Starfshópar á vegum SSA. Umræðu frestað til næsta fundar.

2.5. Samstarf SSA og Austurbrúar. Farið yfir tillögur frá fundi framkvæmdaráðs SSA tengdum tillögum starfsháttanefndar Austurbrúar. Lagðar fram tillögur þar að lútandi sem lagðar verða fyrir aukaaðalfund. Ákveðið var að halda aukaaðalfund mánudaginn 11. febrúar kl. 13:30 á Egilsstöðum.

**3. Önnur mál.**

3.1. Fundur Eyþings um úrgangsmál. Verkefnastjóri sagði frá fundinum.

3.2. Fulltrúi SSA í skólanefnd Hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Jónína Óskarsdóttir Fáskrúðsfirði er tilbúin að vera áfram en Anna Guðný Árnadóttir vill hætta. Gunnar Jónsson Fljótsdalshéraði mun taka sæti í skólanefndinni.

3.3 Formaður sagði frá ráðstefnu sem haldin var í Hveragerði 22.-23. janúar og var samtal um stefnur ríkisins í landshlutum. Upplýsingar má sjá á heimasíðu Byggðastofnunar https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/samtal-um-stefnur-rikisins-i-landkshlutum

3.4. Styrkbeiðni doktorsnema var frestað til næsta fundar og verður tekin með afgreiðslu áhersluverkefna.

3.5. Rætt um stöðu samgönguáætlunar og umræðu um veggjöld sem taka þarf fyrir á vettvangi SSA.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.

| | |
|---|---|
| Einar Már Sigurðarson | Gunnar Jónsson |
| Hildur Þórisdóttir | Gauti Jóhannesson |
| Pálína Margeirsdóttir | Stefán Bogi Sveinsson |
| Stefán Grímur Rafnsson | |